

## Stjórnarfundur hjá Félagi skógareigenda á Suðurlandi, haldinn 22.3. 2018

að Víðihvammi 10, Kópavogi kl. 15.30

**Mættir:** María E. Ingvadóttir, Sigríður Hjartar og Sigurður Sigurkarlsson, Sigríður Heiðmundsdóttir símleiðis. Bjarnheiður Guðmundsdóttir og Hannes Lentz tilkynntu forföll.

Ákveðið hefur verið að halda aðalfund félagsins að Reykjum í Ölfusi laugardaginn 21.4. kl. 11. Formlegt fundarboð hefur verið sent út, þar sem dagskrá er útlistuð.

24. Jónsmessuganga félagsins verður farin sunnudagskvöldið 24.6., á sjálfri Jónsmessunni. Sigurður Haraldsson skógarbóndi á Heylæk í Fljótshlíð hefur samþykkt að taka á móti FsS og leiða okkur um ræktunina á Heylæk sem er orðin mjög mikil vöxtum. Nánar verður tilkynnt um Jónsmessugönguna síðar.

Samráðsfundur Skógræktarinnar var haldinn á Mógilsá í byrjun mars þar sem farið var yfir stöðuna. Áhugavert væri að ræða frekar verksvið LSE og hinna einstöku félaga skógarbænda annars vegar og Skógræktarinnar hins vegar á næsta samráðsfundi.

Aðeins eru nu tveir stórir framleiðendur skógarplantna, efast má um að raunhæf samkeppni sé á þeim markaði.

Það vekur athygli hvesu hátt hutfall framlags ríkisins til Skógræktarinnar fer í rekstur stofnunarinnar og þar með fer minna til plöntukaupa sem leiðir til færri nýrra samninga og seinkunar á að staðið sé við þegar gerða samninga við skógarbændur.

Aðalfundur Nýsköpunarmiðstöðvarinnar var haldinn nýlega og sat formaður FsS fundinn. Þetta var góður og fróðlegur fundur og gefur fyrirheit um góða samvinnu.

Formaðurinn og Ingvar Pétur áttu góðan fund með SASS mönnum, vegna loka samstarfssamningsins og ákveðin var frekari samvinna.

Trygginganefnd FsS er að störfum og hefur miðað nokkuð, þótt lokamarki sé ekki náð.

Aðalfundi Landsambands landeigenda er nýlokið. Landeigendur eru á mörgum sviðum að beita sér fyrir sömu málum og skógareigendur og spurning er hvort ekki ætti að koma á meira sambandi. Örn Bergsson sem verið hefur formaður félagsins frá stofnun lét af störfum eftir 10 ára starf, en við tók Óskar Magnússon.

Félagsfundur verður haldinn 7. apríl, staður og stund verða auglýst á næstu dögum. Erfitt er að takmarka sig við eitt ákveðið umræðuefni því af nógu er að taka. Bæklingurinn um brunavarnir mun vera tilbúinn og hann er örugglega stútfullur af fróðleik. Lbhí hyggur á námskeiðishald um efnið í haust. Aðgerðir sveitarfélaga í brunavörnum skipta alla landeigendur máli, en skógareigendur þurfa að huga séstaklega að eigin vörnum. Fleira brennur á okkur gagnvart sveitarfélögunum eins og hvort þau hafi skógræktaráætlanir og sitthvað fleira mætti tína til.

Skordýr í skógi eru líka eitt vinsælasta umræðuefni skógareigenda a..m.k. að sumarlagi, gaman væri að heyra eitthvað um það. Unnið er að undirbúningi að stofnun rekstrarfélags, í framhaldi af fundinum í Þingborg í byrjun jólafestu. Sú vinna gengur vel, ekki er kominn tími á stofnfundinn, en væntanlega er ekki langt í hann.

Fundi slitið kl 16.45.

fundarritari Sigríður Hjartar